

# LÖGMANNABLAÐIÐ

13. árgangur | desember | 4/2007

---

Ferðabrot frá Indlandi

Hlutverk réttargæslumanna

Dómur Hæstaréttar um vernd gagnagrunna

Dómur Evrópudómstólsins um trúnaðarsamband

lögmanns og skjólstæðings



Lögmannafélag  
Íslands



# Efnisyfirlit

## Fagtengt efni

Ingimar Ingason:  
Af fundi CCBE

Ingimar Ingason:  
Af vettvangi félagsins

Skúli Bjarnason:  
Jólahugvekja: Af fjárhúsum og jötum

Atli Björn Þorbjörnsson:  
Námskeið um „Corporate governance“

Símon Sigvaldason:  
Sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum

Félag sáttalögmannna stofnað

Margrét Gunnarsdóttir:  
Nýr dómur Evrópudómstólsins um trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings

Ása Ólafsdóttir:  
Hlutverk réttargæslumanna

Sigurður R. Arnalds:  
Dómur Hæstaréttar um vernd gagnagrunna

## Fastir pistlar

Hrafnhildur Stefánsdóttir:  
Frá ritstjórn

Helgi Jóhannesson:  
Pistill formanns

Eyrún Ingadóttir:  
Fréttir frá félagsdeild

## Á léttum nótum

Helgi Jóhannesson:  
Millivegur óskast – ferðabrot frá Indlandi

Af Merði lögmanni

Árlegur fundur kvennafélaga

Jólahádegisverður LMFÍ, DÍ og LÍ

BLS

6

8

10

12

20

21

24

26

28

4

19

22

14

17

18

23

Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:  
Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

RITNEFND:  
Sigurður Arnalds hrl.  
Skúli Bjarnason hrl.  
Svanhvít Axelsdóttir hdl.  
Þorsteinn Einarsson hrl.

BLAÐAMAÐUR:  
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:  
Helgi Jóhannesson hrl., formaður.  
Lárentsínus Kristjánsson hrl.,  
varaformaður.  
Hjördís Halldórsdóttir hdl., ritari.  
Ástríður Gísladóttir hdl., gjaldkeri.  
Jóhannes B. Björnsson hrl.,  
meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:  
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.  
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.  
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:  
Hörður Helgi Helgason hdl., Einar  
Gautur Steingrímsson hrl. og Lára V.  
Júlíusdóttir hrl. á námskeiði í indverskri  
matargerð.

MYNDATAKA:  
Eyrún Ingadóttir.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn  
kr. 2000,- + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:  
[ritstjori@lmfi.is](mailto:ritstjori@lmfi.is)

Prentvinnsla:  
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Öflun ehf.  
Sími 533 4440.

ISSN 1670-2689

# intellecta

stjórnunar- og rekstrarráðgjöf

**Intellecta er öflugt  
ráðgjafarfyritæki  
þar sem...**

**...markmiðið er**

að veita viðskiptavinum  
virðisaukandi þjónustu

**...sóst er eftir**

að vinna með viðskiptavinum

**...viðskiptavinir fá aðstoð**

við mótun stefnu  
sem skilar árangri

**...við erum til**

fyrir viðskiptavinum

Árangur fyrirtækja í hinni hörðu samkeppni veltur æ oftar á þekkingu, færni og getu starfsmanna fyrirtækisins. Augu stjórnenda hafa opnast fyrir því að fyrirtækjum er gríðarlega mikilvægt að nýta krafta og þekkingu starfsmanna á sem hagkvæmastan hátt. Áhrifarík stjórnun mannauðs er því lykill að velgengni.

**Intellecta** er vaxandi þekkingarfyritæki með ráðgjafa sem hafa áralanga reynslu af ráðgjöf í stjórnun, starfsmannamálum, markaðsmálum, fjármálum og reikningskilum og framkvæmd kannana og greininga. Fyrirtækið sérhæfir sig jafnframt í ráðningum stjórnenda og lykilmanna.

intellecta

Síðumúla 5 108 Reykjavík  
Sími 511 1225 Fax 511 1126  
intellecta@intellecta.is  
www.intellecta.is



**Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.**

Afstaða lögmannna til eigin starfs er umfjöllunarefni í jólahugvekju Skúla Bjarnasonar hrl. hér í blaðinu. Telur hann að þar hafi orðið breyting á. Lögmenn séu farnir að taka sitt „profession“ miklu alvarlegar og líta á það sem fullboðlegt ævistarf að stunda lögmennsku og leiti síður á jötu hins opinbera. Tilkoma stærri lögmennsstofa hafi meðal annars breytt ímynd lögmannna, aukið frelsi þeirra sem þar starfa og minnkað streitu með deildri ábyrgð, meiri sérhæfingu og starfsumhverfi sem er meira af launþegatoga en atvinnurekenda. Þessi lýsing endurspeglar þær breytingar sem hafa átt sér stað á síðustu árum. Því er þó við að bæta að markaðurinn fyrir lögmenn hefur líka stækkað. Valmöguleikarnir eru fleiri. Lögmönnum í þjónustu fyrirtækja hefur til að mynda fjölgað verulega og eru nú um 21% af félagsmönnum Lögmannafélagsins. Ráðnum fulltrúum hefur einnig fjölgað. Það er svo annað mál að ungt fólk fer í auknum mæli milli starfa.

Það er því full þörf á að fylgjast með þróuninni innan starfsgreinarinnar, bæði hvað varðar rekstrarfyrirkomulag, tímagjald, stöðu manna, aldur, kyn, menntun og vinnutíma auk viðhorfs lögmannna. Við höfum ágætis tæki til þess án þess að svör einstakra lögmannna eða stofa séu rekjanleg. Lögmannablaðið stóð fyrir tveimur viðamiklum könnunum meðal starfandi lögmannna á árinu sem er nýmæli. Annars vegar meðal lögmannna á lögmennsstofum sem birtist í 1. tbl. og hins vegar innanhússlögmannna sem birtist í 3. tbl. Niðurstöður þeirrar könnunar varðandi samanburð á störfum kvenna og karla eftir aldri sýna að yngri konur í fyrirtækjum og stofnunum eru að vinna á og hafa því vakið verðskuldaða athygli í jafnréttisumræðunni.

Markmið Lögmannablaðsins er meðal annars að vekja athygli á málum sem varða lögmenn og störf þeirra enda samrýmist það þeim tilgangi Lögmannafélagsins að gæta hagsmuna lögmennastéttarinnar og stuðla að samheldni og góðri samvinnu félagsmanna. Blaðið sem kom fyrst út árið 1995 hefur reyndar ekki fast, skilgreint hlutverk. Auk umfjöllunar um lagaleg málefni, fréttar og tilkynninga frá Lögmannafélaginu eru frásagnir og myndir af fundum og félagslífi lögmannna snar þáttur að Merði ógleymdum. Þessi félagslegi þáttur er mun stærri en í samsvarandi blöðum systursamtaka Lögmannafélagsins á Norðurlöndum. Markmið Advokaten, blaðs sænska Lögmannafélagsins er, svo dæmi sé tekið, að fjalla um málefni er varða störf lögmannna auk lögfræðilegrar umfjöllunar. Blaðið birtir einnig upplýsingar um ný rit og ritdóma, umfjöllun um námskeið og mikilvægar fréttir um einstaklinga. Efni danska Advokaten sem kemur út 10 sinnum á ári er mjög svipað. Þar eru þrjú efnisflokkar, greinar, réttarpólitík og fagtengt efni. Félagslega umfjöllunin í Lögmannablaðinu er eftir því sem ritstjórnin kemst næst harla vinsæl og því engin áform um að draga úr henni.

Ofangreind lögmannaablöð eru öll gefin út á hefðbundnu formi en eru einnig aðgengileg á heimasíðum lögmannafélaganna. Velta má upp þeirri spurningu hvort netútgáfan muni ekki taka alfarið við af pappírnum. Það er þó ekki tímabært. Netútgáfan þarf fyrst að verða aðgengilegri í notkun. Breytingarinnar er heldur ekki þörf þar sem Lögmannablaðið stendur undir kostnaði.

Með ósk um gleðileg jól

FORSKÖT

FOLK OG FYRIRTAÆKI

-8,2

-2,8

50,2

56,4

20,5

-41,2

22,7

-19,5

Viðskiptablaðið

vb.is

Á MARKAÐNUM



82,7%

DAGBLAÐ  
ATVINNULÍFSINS

31,0

38,2

56,4

20,5

SKATTAMÁL



NÚ Í FYRSTA SINN  
**HELGARÁSKRIFT**  
**VIÐSKIPTABLAÐSINS**

Fyrir 1.590 krónur á mánuði  
færðu **GLÆSILEGT**

**HELGARBLAÐ** Viðskiptablaðsins  
sent til þín. Borgaðu fyrirfram  
og fáðu **3 MÁNUÐI FRÍA.**

Nánari upplýsingar í síma **511**  
**6622** eða á **askrift@vb.is.**

VERTU VIRKUR  
Í VERÖLD  
VIÐSKIPTANNA



Ingimar Ingason

## Af fundi CCBE

Á fundi Samtaka evrópskra lögmannafélaga (CCBE) í Belgíu í nóvember síðastliðnum voru m.a. samþykkt leiðbeinandi tilmæli um menntunarkröfur evrópskra lögmannanna. Þetta er gert vegna Evrópureglna um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum og frjálst flæði vinnuafis innan EES. Nánari grein verður gerð fyrir þessu atriði í næsta tölublaði Lögmannablaðsins.

Á fundinum var samþykktur áframhaldandi stuðningur CCBE við rekstur Akzo Nobel málsins sem rekið er á áfrýjunarstigi Evrópu-dómstólsins. Málið snýst í grundvallaratriðum um viðurkenningu á trúnaðarskyldu innanhússlögmannanna en fjallað er nánar um það í grein Margrétar Gunnarsdóttur hér í blaðinu.

Einnig var rætt um nýlega tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og áhrif hennar á trúnaðarskyldu lögmannanna. Mál er nú rekið fyrir stjórnskipunardómstóli í Belgíu á grundvelli ágreinings um skyldur lögmannanna til að upplýsa yfirvöld um meint brot skjólstæðinga sinna í ljósi trúnaðarskyldu þeirra.

Rætt var um áhrif inngríps CCBE og IBA í atburði í Póllandi. Fyrirverandi ríkisstjórn landsins hafði lagt fram lagafrumvörp um nýja réttarskipan sem leitt hefðu til grundvallar breytinga á sjálfstæði dómstóla og lögmannanna. Í kjölfar nýlegra þingkosninga í landinu, og hugsanlega fyrir áeggjan framangreindra samtaka sem sendu fulltrúa sína til að ræða við pólsk stjórnvöld, virðist hafa verið horfið frá þeim hugmyndum sem upp voru, í bili a.m.k. Fulltrúar pólska lögmannafélagsins færðu forystu CCBE sérstakar þakkir frá lögmonnum í Póllandi fyrir veittan stuðning.

Mannréttindaverðlaun CCBE voru veitt í fyrsta sinn en þau komu í hlut samtaka sem kallast Advocats Sans Frontières eða „Lögmenn án landamæra“. Frá því samtökin voru stofnuð árið 1992 hafa þau unnið ötullega að margskonar réttarástoð og mannréttindamálum víðs vegar um heiminn auk þess sem þau hafa aðstoðað við uppbyggingu réttarkerfa í þróunar-

ríkjum. Forseti Advocats Sans Frontières, Paul Demaert, tók við viðurkenningunni fyrir hönd samtakanna og gerði grein fyrir hvaða þýðingu hún hefði fyrir áframhaldandi starfi þeirra. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi Advocats Sans Frontières með því að fara á slóðina [www.afs.be](http://www.afs.be).

Péter Köves frá ungverska lögmannafélaginu var kjörinn forseti CCBE, Anne Birgitte Gammeljord, frá danska lögmannafélaginu, fyrsti varaforseti og José Maria Davo Fernandez, frá spænska lögmannafélaginu, annar varaforseti, öll til eins árs. Alls sóttu fundinn rúmlega 100 þátttakendur frá 32 aðildarfélagum samtakanna.

### Taugasálfræðilegt mat

Minnir sérhæfir sig í:

- Taugasálfræðilegu mati
- Taugasálfræðilegrí greiningu á sjúkdómum miðtaugakerfisins eða hellaskaða
- Endurhæfingu

  
minnir

Taugasálfræðipjónusta Dr. Claudiu Ó. Hoellje

[www.minnir.is](http://www.minnir.is)

Minnir ehf.  
Reykjavíkurevigi 62  
220 Hafnarfjörð

sími: 860 2170

# Enn betri!



Almenni lífeyrissjóðurinn hefur frá upphafi verið í fararbroddi við að bjóða nýjungar í rekstri og þjónustu við sjóðfélaga.

Almenni lífeyrissjóðurinn er öllum opinn og hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum.



Ingimar Ingason

# Af vettvangi félagsins

## Áskorun til íslenskra stjórnvalda vegna Pakistans

Stjórn Lögmannafélags Íslands sendi nýlega bréf til Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra, og lýsti áhyggjum sínum vegna þróunar mála í Pakistan þar sem hæstaréttardómarar hafa verið settir í stofufangelsi og yfir 1500 lögmenn fangelsaðir fyrir það eitt að mótmæla setningu neyðarlaga, sem tryggja eiga áframhaldandi setu Pervez Musharraf í embætti forseta landsins. Í bréfinu eru íslensk stjórnvöld hvött til að beita sér með beinum hætti í þessu máli, m.a. með því að skora á stjórnvöld í Pakistan að fella neyðarlögin úr gildi, láta af ólögmaetu inngripi í réttarskipan landsins og virða lýðræðisreglur og grundvallar mannréttindi borgaranna. Afrit af bréfinu var sent Birni Bjarnasyni, dómismálaráðherra.

## Samráðsfundir

Á undanförunum vikum hefur lögmannafélagið átt fundi með Dómarafélagi Íslands, dómismálaráðuneytinu og Dómstólaráði. Meðal umræðuefna á þessum samráðsfundum er vinna við gerð leiðbeininga fyrir dómkvadda matsmenn, þróun reglna um sáttameðferð í einkamálum, útfærsla á sérstöku millidómstigi í sakamálum, fjármagn til opinberrar réttaraðstoð-

ar, málefni erlendra lögmanna sem starfa hér á landi á grundvelli réttinda heimaríkis og leiðir til að takmarka eða fella niður málflytninguréttindi tímabundið með dómsúrskurði ef lögmaður sætir lögreglurannsókn vegna alvarlegra brota. Þá var rætt um samræmdar reglur um málskostnað í útivistarmálum, endurskoðun viðmiðunarfjárhæða fyrir verjenda- og réttargæslustörf, málsmeðferðartíma, breytta tíma-setningu og fyrirkomulag málþinga lögmanna, lögfræðinga og dómara og loks niðurfellingu málskostnaðar í frávísunarmálum.

## Bréf til viðskiptaráðherra vegna virðisaukaskatts

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur sent bréf til Björgvins G. Sigurðssonar, viðskiptaráðherra, þar sem athygli er vakin á þeirri mismunun sem á sér stað í tengslum við virðisaukaskattskylda þjónustu sem annars vegar fjármálafyrirtæki veita og hins vegar lögmenn og aðrar sérfræðistettir. Í bréfinu er viðskiptaráðherra hvattur til að beita sér fyrir því að gerðar verði viðeigandi breytingar á lögum um virðisaukaskatt með það fyrir augum að tryggja jafnræði sjálfstætt starfandi sérfræðinga gagnvart þeim aðilum sem gildandi löggjöf veitir nú umtalsvert samkeppnisforskot.

## Nefnd um milliliðalausar sönnunarfærslu í meðferð sakamála

Dóms- og kirkjumálaráðherra ákvað nýlega að setja á laggirnar sérstaka nefnd til að fjalla um hvernig tryggja megi sem best milliliðalausar sönnunarfærslu í meðferð sakamála. Nefndinni er einkum ætlað að veita álit sitt á því hvort rétt sé að setja á fót millidómstig hér á landi þar sem eingöngu yrði leyst úr sakamálum. Auk fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins tilnefna embætti ríkissaksóknara, Dómstólaráð og Lögmannafélag Íslands hver sinn fulltrúa í nefndina. Af hálfu Lögmannafélagsins var Sveinn Andri Sveinsson, hrl., tilnefndur til setu í nefndinni.

## Nefnd um aðgerðir gegn peningaþvætti

Viðskiptaráðherra hefur skipað Ragnar Halldór Hall, hrl., í sérstaka nefnd til að fjalla um málefni tengd peningaþvætti. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd aðgerða gegn peningaþvætti á grundvelli laga nr. 64/2006, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um málefnið. Ennfremur miðar starf nefndarinnar að því að undirbúa úttektir alþjóðlega framkvæmdahópsins FATF (Finacial Action Task Force on



Measures Against Money Laundering) um stöðu aðgerða gegn peningþvætti hér á landi og vinna að endurskoðun laga og reglugerða á þessu sviði í samræmi við tilmæli FATF.

Auk fulltrúa Lögmannafélags Íslands eiga sæti í nefndinni fulltrúar ráðuneyta viðskipta-, dóms-, fjár- og utanríkismála, embættis ríkislögreglustjóra, Fjármálaeftirlits, Seðlabanka Íslands, Samtaka fjármálafyrirtækja, Félags fasteignasala og Félags löggiltra endurskoðenda.

### Lagadagurinn

Stjórnir Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands samþykktu nýverið að gera umtalsverðar breytingar á fyrirkomulagi málþinga þessara félaga og sameinast um málþing þar sem boðið verður upp á nokkrar málstofur um fjölbreytt



Útskrift þátttakenda hdl.-námskeiðsins 4. desember sl.

málefni. Vinnuheiti þessa nýja vettvangs er „Lagadagur“ og sá fyrsti verður haldinn á Hilton Nordica Hotel, föstudaginn 9. maí 2008. Reiknað er með að lagadagurinn verði haldinn fyrsta föstudag í maí ár hvert. Sérstök undirbúningsnefnd, sem skipuð er tveimur fulltrúum úr hverju félagi, mun á næstunni vinna að uppsetningu þessa nýja vettvangs og velja þau viðfangsefni sem lagt verður upp með.

### Hdl.-námskeið

Prófnefnd til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður stóð fyrir öðru réttindanámskeiði þessa árs sem lauk í nóvember. Aðeins átta af sautján þátttakendum luku námskeiðinu með fullnægjandi hætti og fór útskrift fram í húsnæði LMFÍ þann 4. desember s.l. Gert er ráð fyrir að næsta námskeið hefjist síðari hluta janúarmánaðar 2008.

## Breytingar á dönsku lögmannalögunum

**Ný lög um lögmenn sem taka gildi í Danmörku um áramót veita lögmönnum aukna möguleika um val á félagiformi og samstarfsaðilum. Samkvæmt þeim er einnig heimilt að stofna móður- og dótturfélög um rekstur lögmennastofa.**

Danskir lögmenn geta nú valið sér samstarfsaðila eða meðeigendur úr öðrum starfsstéttum en nýju lögin heimila að aðrir en lögmenn geti átt allt að 10% eignarhlut í lögmennsstofum. Þó gildir áfram ákvæði dönsku réttarfarslaganna um að lögmenn geti einir verið framkvæmdastjórar lögmennsstofa en sú regla sætir gagnrýni af hálfu lögmanna.

Fram kemur í danska lögmannablaðinu, Advokaten, að breytingarnar á lögunum séu skref í rétta átt. Þær gangi þó ekki nógu langt til að sporna við þeirri einangrun sem lögmennastéttin hafi verið gagnrýnd fyrir og skapi ekki nægt svigrúm til að mögulegt sé að reka lögmennsstofur á sem fagmannslegastan hátt.

## Myndupptökur fyrir sænskum dómstólum

**Samkvæmt frétt í Advokaten, sænska lögmannablaðinu, hófu átta dómstólar í Svíþjóð að taka yfirheyrslur upp til reynslu þann 1. desember sl.**

Það er hluti verkefnis sem miðar að því að gera réttarhöld nútímalegri með hjálp aukins tæknibúnaðar. Stefnt er að því að allar skýrslutökur fyrir sænskum héraðsdómstólum verði teknar upp stafrænt á mynd frá og með 1. nóvember 2008. „Hovrätten“ sem er millidómstigið á almennt að geta byggt dóma sína á sömu sönnunargögnum og héraðsdómur í stað þess að efna til nýrrar skýrslutöku. Megináherslan er því lögð á málsmeðferðina fyrir héraðsdómi. Þetta nýmæli kallar á breytingar á málsmeðferðarreglum fyrir „Hovrätten“ auk þess sem breyta þarf dómstöllum héraðsdómstólanna.

Sjá nánar: Prop. 2004/05:131 En modernare rättegång – reformering av processen i allmän domstol.

# AF FJÁRHÚSUM OG JÖTUM

Aðventan er tími tilhlökkunar en þá er einnig oft stund á milli stríða í lífi okkar manna - líka lögmanna. Allt í einu hægir notalega á hjóli réttvísinnar og menn geta leyft sér að líta upp úr skjalabunkunum og jafnvel gefa einni og einni fallettri hugsun vængi. Þannig var með mig um daginn þegar ég var á minni daglegu heilsubótargöngu og lét hugann reika til helgihaldsins framundan. Það er að vísu fátt eftir sem tilheyrir fæðingarhátíð frelsarans sem kaupmennska og síbylja samtímans hefur ekki náð að fletja út eins og norðlenskt laufabrauð. Einstaka er þó ósnortið. Eitt það allra heilagasta er sjálfsagt lagið um hina helgu nótt eftir Franz Grüber sem oftast hefur verið kallað Heims um ból á íslensku. Það virðast vera óskrifuð lög hjá kaupahéðnum heimsins, og ljósvakabullurunum öllum, að láta þetta lag í friði. Ég minnst þess ekki að hafa heyrt það spilað nokkru sinni fyrr en á aðfangadag - en þá eru jólin líka komin.

## Jatan

Í hinum fallega texta Sveinbjarnar Egilssonar segir á hæfilega skiljanlegan hátt frá fæðingu frelsarans en hápunkti nær lýsingin án efa þar sem segir: „... liggur í jötunni lávarður heims“. Flestir eiga sjálfsagt í minningunni „páfagaukaútgáfuna“ af textanum sem þeir lærðu sem börn, skilningslaus á innihaldið, og svo aftur þær stundir síðar á lífsleiðinni þegar ein og ein lína tók að skýrast, til mikillar undrunar og gleði. Eitt höfum við þó sjálfsagt öll átt sameiginlegt. Við náðum strax myndinni af jötunni, kannski líka



Okkur er innprentað strax frá blautu barnsbeini að fjárhús og jötur séu fjarskalega eftirsóknarverðir staðir.

vegna þess að kjarninn í sjálfu jólaguðspjallinu er einnig myndin af Jesúbarninu liggjandi í jötunni í fjárhúsinu. Þannig er okkur innprentað strax frá blautu barnsbeini að fjárhús og jötur séu fjarskalega eftirsóknarverðir staðir, þar sé hlýtt og notalegt, nóg að bíta og brenna og þar ríki ró og friður.

Þarna er sjálfsagt komin skýringin á því hvers vegna síðar var farið að tala um „að komast á jötuna“ í þeirri yfirfærðu merkingu að fá starf eða stöðu hjá hinu opinbera. Það var vísast á þeim árum þegar gamli ungmennafélagsandinn ríkti enn hjá mörgum hátt settum embættismönnum um að meira máli skipti að taka þátt heldur en að vinna.

En hvaða erindi eiga þessar vangaveltur inn í Lögmannablaðið? Jú, -nefnilega þær að ég fór að velta því fyrir mér hvaða grundvallarbreytingu ég þykist hafa upplifað á mínum

lögmannsferli, á afstöðu lögmanna til eigin starfs, sem vissulega mótast ekki hvað síst af viðhorfi annarra til starfsins. Þegar ég byrjaði að „praktísera“ fyrir rúmlega tuttugu árum var gjarnan litið á það eins og að fara á vertíð. Margir litu á það sem tímabundna ráðstöfun og hugsuðu inn í hlýjuna aftur þegar bardaganum lyki. Óþarfi er að telja upp alla þá lögmenn sem leituðu aftur í opinbera þjónustu, eða „á jötuna“, þegar starfsdegi tók að halla. Fjárhús nútímans, bankarnir, hafa einnig togað til sín margan mætan manninn úr okkar röðum.

## Bókvit og stjörnur

Á allra síðustu árum þykist ég hins vegar hafa séð mörg merki þess að þetta væri að breytast, að lögmenn væru farnir að taka sitt „prófessjón“ miklu alvarlegar og líta á það sem fullboðlegt ævistarf að stunda lögmennsku. Sjálfur upplifði ég það fyrst fyrir fáeinum árum að þetta

væri nú líklega ævistarfið þó aldrei hafi beinlínis verið tekin um það ákvörðun í upphafi.

Hér kemur sjálfsagt margt til. Á undanförnum árum hafa orðið gífurlegar breytingar hér á landi og þá þær helstar að samfélagið hefur verið að breytast úr tiltölulega hráu veiðimanna- og framleiðsluþjóðfélagi yfir í tækni-, þekkingar- og viðskiptasamfélag. Gamla kenningin um að bókvitið verði ekki í askana látið er orðin argasta öfugmæli, engir skenkja víst betur en þeir sem ekkert gera, metið eftir gömlu gildunum. Hugverkum, viðskiptum og annarri óáþreifanlegri vinnu er þannig gert miklu hærra undir höfði í samfélagi nútímans en áður var - hún nýtur jafnvel virðingar. Við

lögmennt höfum notið góðs af þessari þróun, viðhorf almennings um að við værum bara afætur er á hröðu undanhaldi. Sumir telja meira að segja að við stundum heiðarlega vinnu! En fleira kemur til. Tilkoma stærri lögmannsstofa hefur sjálfsagt einnig breytt ímyndinni og aukið frelsi þeirra á vissan hátt sem þarf starfa og sjálfsagt minnkað streitu með deildri ábyrgð, meiri sérhæfingu og starfsumhverfi sem er meira af launþegatoga en atvinnurekenda. Þannig hefur t.a.m. trygginga- og lífeyrisvernd lögmanna færst verulega í átt að hinu opinbera kerfi þó enn vanti sjálfsagt nokkuð upp á. Þá hafa margir komið auga á meiri sveigjanleika sem lögmennskan býður upp á en störf í opinberri þjónustu, sérstaklega undir lok

starfsævinnar. Tilkoma nýrrar tegundar lögmanna, svokallaðra stjörnulögmanna, er svo enn ein umhugsunarverð breyting. Ég kýs að fjalla ekki frekar um þá hjörð að sinni þó vissulega færi vel á svolitilli stjörnufræði þegar jólastjarnan fer að læðast upp á himinhvolfið.

Um leið og ég fagna flestum þeim breytingum sem orðið hafa á umliðnum árum hlýtur það að verða mín spá í lokin að um þessi jól muni enn herra hlutfall lögmanna en nokkru sinni geta sungið um fjárhús og jötur án þess að láta sig dreyma um að komast sjálfir inn í hlýjuna.

Gleðilega hátíð.  
Skúli Bjarnason hrl.



## Örugg eyðing gagna

**GAGNAEYÐING**

Bæjarflöt 4  
s. 568 9095  
gagnaeyding.is

## Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar  
á ensku, norðurlandamál,  
frönsku, þýsku og rússnesku  
(níu þýðendur og túlkar).  
Dóm og skýrslutöktutúlkun.

## Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.

Laugavegi 163a - sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717

netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)

# Námskeið um „Corporate governance“



Námskeiðið var afar vel sótt af lögmönnum. Greinarhöfundur, Atli Björn Þorbjörnsson er fremstur til hægri á myndinni.

**Lögmannafélagið hélt námskeið um „Corporate governance“ í nóvember. Fyrirlesari var dr. Mark Moore sem er aðal stundakennari í félagarétti við Bristol háskóla í Englandi og umsjónarmaður námskeiðs sem fjallar um stjórnunarhætti fyrirtækja (Corporate Governance) fyrir mastersnema við skólann.**

## „Samninga-samhengis kenningin“

„Corporate Governance“ má staðsetja innan félagaréttarins en fagið hefur einnig mun víðari skírskotun til annarra sviða innan félagsvísindanna og hagfræðinnar. Nálgun viðfangsefnisins í rannsóknum Dr. Moore, sem og fyrirlestur hans, var í grunninn hagfræðileg. Leitaðist hann við að útskýra eina lífseigustu hagfræðilegu hugmyndina eða kenninguna sem segja má að sé að

baki því hvernig félagaréttur og löggjöf á því sviði, eins og við þekkjum í flestum vestrænum ríkjum, er uppbyggð. Þessi kenning hefur verið kölluð „The Nexus of Contracts Theory“ eða „samninga-samhengis kenningin“. Í stuttu máli má skýra hana á þann hátt að í raun sé ekki til neitt sem heitir félag heldur sé það sem við þekkjum sem slíkt í raun bara röð einstakra samninga þar sem allir semja á sínum forsendum hvort sem það eru starfsmenn, birgjar, lánveitendur eða hluthafar. Allir þessir aðilar hafa samið um tiltekið endurgjald fyrir sitt framlag nema hluthafarnir. Samningar þeirra eru ótryggir, þ.e. ekki er gefið fyrirfram hvað þeir muni bera úr bótum eftir að allir aðrir samningsaðilar „samninga-samhengisins“ hafa fengið sitt endurgjald. Af þeim sökum hafi hluthöfum í félagi verið veitt ákveðin réttindi sem m.a. fela í sér völd til að

hafa áhrif á stjórnun félagsins og til að þiggja greiðslur (arð) af hagnaði þess. Samkvæmt kenningunni er félagaréttarlöggjöfin að miklu leyti byggð á þessum grunni og er í raun ekkert annað en tilbúnir samnings-skilmálar fyrir hluthafa sem samdir hafa verið af ríkisvaldinu á grundvelli leikreglna sem markaðurinn sjálfur hefur skapað og mótað. Annað mál sem Dr. Moore gafst þó ekki tími til að fara út í og er í raun af öðru sviði, þ.e. innan félagsvísindanna, er hvernig þessar leikreglur ættu að vera.

## Kerfi sem skila ekki árangri

Í framhaldi af þessum inngangi fjallaði Dr. Moore um samband hluthafa og stjórnenda fyrirtækja, þá togstreitu sem getur myndast þar á milli og þau tæki og tól sem markaðurinn hefur til að hafa eftirlit með því hvernig stjórnendur sinna



Dr. Mark Moore

starfi sínu, allt með það fyrir augum að auka hlut hluthafanna, öryggi þeirra og síðast en ekki síst, verðmæti fjárfestinga þeirra. Dr. Moore gerði tilraun til að setja þessar reglur og varnagla sem notast er við í samhengi við nýlegar krísur og hneyksli sem upp hafa komið í fjármálaheiminum á undanförunum árum. Má þar nefna Enron-hneykslið, vanda Northern Rock bankans í Englandi og lausafjárkreppu vegna „sub-prime mortgage“ hrunsins í kjölfar lækkandi húsnæðisverðs í Bandaríkjunum.

Öll þessi dæmi taldi hann bera þess vitni að það kerfi „Corporate Governance“ sem helst er stuðst við í hinum vestræna heimi sé ekki að skila árangri.

Því miður gafst Dr. Moore ekki tími til að fara yfir þær hugmyndir sem hann hefur til bjargar efnahagskerfum hins vestræna heims frá frekari vandræðum en vonandi heimsækir hann okkur síðar í því skyni.

Atli Björn Þorbjörnsson hdl.

## Jólaþveðjur

# Gleðileg jól gott og farsælt komandi ár

### Málþing ehf.

Skúli Bjarnason hrl.  
Ingólfsstræti 3  
101 Reykjavík

### LAG – Lögmenn sf.

Ingólfsstræti 5  
101 Reykjavík

### Forum Lögmenn

Aðalstræti 6 - 5.hæð  
101 Reykjavík

### Hilmar Ingimundarson hrl.

Austurstræti 10a  
101 Reykjavík

### Gunnar I. Hafsteinsson hdl.

Hafnarhvoli/Tryggvagötu  
101 Reykjavík

### Atvinnuhús ehf.

Atli Vagnsson hdl.  
Hverfisgötu 4  
101 Reykjavík

### DP Lögmenn

Dögg Pálsdóttir hrl.  
Hverfisgötu 4-6  
101 Reykjavík

### Fasteignamál Lögmennsstofa

Laugavegi 59  
101 Reykjavík

### PACTA

Málflutningur og ráðgjöf  
Laugavegi 99  
101 Reykjavík

### Lögfræðistofa Þuríðar

Halldórsdóttur hdl.  
Hverfisgötu 105  
101 Reykjavík

### Lögmennsstofan Fortis ehf

Gylfi Thorlacius hrl.  
Svala Thorlacius hrl.  
Sif Thorlacius hdl.  
Kristján B. Thorlacius hdl.  
Laugavegi 7  
101 Reykjavík

### Lögmenn

Jón Gunnar Zoega hrl.  
Laugavegi 7  
101 Reykjavík

### Lögmenn við Austurvöll

Pósthússtræti 13  
101 Reykjavík

### Jón Höskúldsson hdl.

Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík

### LM Lögmenn

Kristján Þorbergsson hrl.  
Jóhannes Bjarni Björnsson hrl.  
Hlynur Halldórsson hdl.  
Hörður Helgi Helgason hdl.  
Þorvaldur Emil Jóhannesson hdl.  
Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík

### Lögmál ehf.

Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík

### Lögmennsstofa

Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur  
Klapparstíg 1  
101 Reykjavík

### Tjónamat og skoðun ehf.

Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík

### Lögmennsstofa

Árna Ármanns Árnasonar  
Skúlagötu 30  
101 Reykjavík

### Gunnar Helgason hdl.

Vesturgötu 7  
101 Reykjavík

### Lögmennsstofa Björgvins

Þorsteinssonar hrl.  
Tjarnargötu 4  
101 Reykjavík

### LOGOS lögmennsþjónusta

Efstaleiti 5  
103 Reykjavík

### Lögmennsstofa Ólafs Gústafssonar

Húsi Verslunarinnar  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

### Lögmennsstofa Kristínar Briem

Húsi Verslunarinnar  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

# Millivegur óskast

## – ferðabrot frá Indlandi

Hlandlyktin, hitinn, skíturinn og mannmörgðin. Allt þetta blandaðist saman í einn furðulegan graut sem samt var eitthvað heillandi við. Í þessari milljóna manna borg á Indlandi var aðalgatan eins og teikning eftir barn. Öllu ægði saman. Þar var bíll, úlfaldi, fíll, svín, krakkar, eldur, rusl, mótórhjól, asni, hundur, belja, kúkur, og kofi. Það sem virtist öskuhaugur var þegar betur var að gáð heimili fjölda fólks. Krakkar léku sér í hrúgunum, berfætt, fáklædd, allslaus, fram-tíðarlaus en brosandir og að minnsta kosti laus við luntasvip þess sem ekki á nýjasta Spædermann dressið eða ferða DVD spilara eins og „allir eiga“.



Í þessari milljóna manna borg á Indlandi var aðalgatan eins og teikning eftir barn. Öllu ægði saman.



Ekki einu sinni búðirnar vöktu upp innkaupagenið í Íslendingnum.

Oföldu vestrænu túristarnir áttu alla athygli þeirra innfæddu. Fínar frúr frá Íslandi í hvítu „sjetteringu“ sem þær keyptu fyrir ferðina og bumbusíðir kallar í rútubílstjórasandölum með bláhvíta spóaleggi í afkáralegum stuttbuxum spígsporuðu um svæðið opinmynt. „Rosalega er þetta ólíkt Benedorm. Er þetta raunverulegt? Hvernig er hægt að meika það hérna? Má borða þetta má borða hitt? Skyldi ég hafa fitnað? Skyldi ég ekki grennast? Kemst ég í ræktina fyrir matinn?“ Allar þessar áleitnu og mikilvægu spurningar glumdu í hugum og af vörum túristanna. Allt mikilvæg atriði heima, en einhvern veginn svo mikið aukaatriði hér.

Ferðamennirnir jusu sér upp í litla leigubíla innfæddra. Þríhjóla mótórhjól. Það var eins og búið væri að troða allt of gömlum börnum í barnavagna. Bílstjórinn skildi ekkert,

en fékk á miða að hann ætti að fara á „aðal götuna“. Þar hlyti þetta að vera betra. Ekið var með stöðugu flauti og troðningum í gegnum kösina. „Hvað er allt þetta lið að gera úti á götu, á það ekki að vera í vinnu eða þá komið heim til sín? Var það e.t.v. heima hjá sér?“ A.m.k virtist sá sem svaf með gangstéttarhelluna sem kodka hafa gert sig nokkuð heimakominn þó rúmið væri umferðareyja.

Á aðalgötunni var allt eins. „Passaðu þig að stíga ekki á kálfinn þegar þú ferð út úr bílnum elskan“, sagði ein frúin við sandalásjarmörinn sinn. Þessi setning þótti eðlileg þar og þá. En ef þetta hefði verið sagt í Reykjavík, París eða Köben, hefði frúin verið lokuð inni.

„Hvernig er þetta hægt?“ Ekki einu sinni búðirnar vöktu upp innkaupagenið í Íslendingnum. Hvernig geta



Krakkar léku sér í hrúgunum, berfætt, fáklædd, allslaus, framtíðarlaus en brosandí.

6 skósmiðir í röð þrífist í borg þar sem enginn er í skóm? Hvernig er hægt að reka búð sem selur bara banana og tyggjó en enginn á peninga? Hvernig er hægt að græða á því að flytja löngu ónýtt dekk milli svæða á reiðhjóli eða á hausnum? Hver er að kaupa, hvað eru menn að selja? Hvernig er svo hægt að brosa að öllu saman og æla ekki á þá oföldu, heldur bara veifa þeim með fjölskyldu og vinum sem heldur ekki eiga neitt, samt í fínunum „fíling“ í þessu öllu saman.

Túristaflokkurinn var kominn að endimörkum „aðal verslunar-svæðisins“. Tvær vespur komu

brunandi. Á hvorri voru a.m.k. tveir farþegar auk þess sem ók. Einn farþeginn var andvana 7 ára stelpa. Allir þeir fullorðnu voru í örvinglan. Nákvæmlega eins örvinglun og ef þetta hefði verið á slysó hér heima, bara allt annar rammi utan um allt. Stoppað var við skítugt sjúkraskýli og hersingin þursti inn. Það liðu 60 sekúndur. Hersingin kom út aftur. Dána barnið var ennþá með, vafið í stranga. Allir settust upp á vespurnar, örvinglunin var nú alger. Dauðadómurinn var staðfestur og ekið var burt með litla barnið. Engin kapella, engin áfallahjálp, ekkert hvítt lak og kertaljós, engin kveðju-stund, engin nútíma vestræn meðul



Greinarhöfundur fór með Lögfræðinga-félagi Íslands í tíu daga ferð til Indlands í lok október sl.

til að komast yfir þetta. Bara harður raunveruleikinn og verkefnið að brenna barnið var það sem fjölskyldan var skilin eftir með. Maður með dauðan kött á dýraspítala Watsons á Íslandi hefði fengið meiri aðhlynningu. Sem steinrunnin stóð túristahersingin í „séttingunum“ og sandölunum á götunni. „Förum heim á hótél“.

Á mbl.is bárust fregnir að heiman af því sem „máli skipti“. Dauð belja fannst í Garðabæ og menn í geimgöllum könnuðu málið.

Helgi Jóhannesson hrl.



Ungir menn fyrir utan mosku.



**Löggarður ehf.**

Kringlunni 7, 11. hæð  
103 Reykjavík

**Legis ehf. Lögfræðistofa**

Holtagörðum 10  
104 Reykjavík

**Lögmennsstofa**

**Jóns Egilssonar hdl. og  
Auðar Bjargar Jónsdóttur hdl.**  
Knarrarvogi 4  
104 Reykjavík

**Landslög - lögfræðistofa**

Köllunarklettsvegi 2  
104 Reykjavík

**Lex ehf.**

Sundagörðum 2  
104 Reykjavík

**Lögmennastofan Skipholti sf.**

Bolholti 6  
105 Reykjavík

**Lögmenn Borgartúni 18 sf.**

Borgartúni 18  
105 Reykjavík

**Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.**

Borgartúni 25  
105 Reykjavík

**Guðmundur Pétursson hrl.**

Borgartúni 33  
105 Reykjavík

**Lögmenn Borgartúni 33**

Einar Gautur Steingrímsson hrl.  
Borgartúni 33  
105 Reykjavík

**Lögfræðipjónusta**

**Sigurðar Sigurjónssonar hrl.**  
Flókagötu 65  
105 Reykjavík

**Fyrirtækjasalan ehf.**

Bergur Guðnason hdl.  
Stigahlíð 45  
105 Reykjavík

**GHP Lögmennsstofa**

Hátúni 6a  
105 Reykjavík

**Hrafnkell Ásgeirsson hrl.**

Kleppsvegi 46  
105 Reykjavík

**Herdís Hallmarsdóttir hdl.**

Laugavegi 182  
105 Reykjavík

**Lögmenn Laugardal ehf.**

Laugavegi 182  
105 Reykjavík

**Lögmennsstofa**

**Jóns G. Briem hrl.**  
Skiopholti 50b  
105 Reykjavík

**Sigurberg Guðjónsson hdl.**

Skógarhlíð 12  
105 Reykjavík

**Kollekta ehf.**

Suðurlandsbraut 30, 5.hæð  
105 Reykjavík

**Ingvar Sveinbjörnsson hrl.**

Granaskjólí 90  
107 Reykjavík

**Lögmennsstofa Guðmundar**

**Ágústssonar hdl.**  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík

**Lögmennsstofa Jóhannesar**

**Ásgeirssonar hrl.**  
Suðurlandsbraut 10  
108 Reykjavík

**Lögskil ehf.**

Suðurlandsbraut 48  
108 Reykjavík

**Kjöreign ehf.**

Dan Valgarð Wiium hdl.  
Ármúla 21  
108 Reykjavík

**Fasteignasalan Gimli ehf.**

Grensásvegi 13  
108 Reykjavík

**JP Lögmenn ehf.**

Lágmúla 5  
108 Reykjavík

**Lögmennsstofa**

**Kjartans Reynis Ólafssonar hrl.**  
Háaleitisbraut 68  
108 Reykjavík

**Juris Lögmennsstofa –**

**Legalis Innheimtupjónusta**  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík

**Lögmennsstofa Marteins**

**Mássonar ehf.**  
Lágmúla 7, 6. hæð  
108 Reykjavík

**Brynjar Nielsson hrl.**

Lágmúla 7, 6.hæð  
108 Reykjavík

**Mörkin lögmennsstofa hf.**

Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

**Borgarlögmenn**

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík

**Juralis – Lögmennsstofa**

Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík

**Fulltingi ehf. lögfræðipjónusta**

Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík

**Guðmundur Ágústsson hdl.**

Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík

**Eignamiðlunin ehf.**

Síðumúla 21  
108 Reykjavík

**Lögmenn Höfðabakka ehf.**

Höfðabakka 9  
110 Reykjavík

**Themis ehf. Lögmennsstofa**

Bíldshöfða 9, 7.hæð  
110 Reykjavík

**Ingólfur Hjartarsson hrl.**

Bíldshöfða 18  
110 Reykjavík

**Lögmenn Árbæ**

Steingrímur Þormóðsson hrl.  
Þormóður Skorri Steingrímsson hdl.  
Nethyl 2  
110 Reykjavík

**Gunnar Guðmundsson hdl.**

Eiðistorgi 17  
170 Seltjarnarnesi

**Guðmundur Þórðarson hdl.**

Hlíðarsmára 2  
201 Kópavogi

**Logik ehf. Lögmennsstofa**

Heiðarsmára 15  
201 Kópavogi

**Lögmennsstofa**

**Loða Egilssonar hdl.**  
Hlíðasmára 8  
201 Kópavogi

**Lögmenn Bæjarhrauni 8 sf.**

Guðmundur Kristjánsson hrl.  
Hlíðover Kjartansson hrl.  
Bæjarhrauni 8  
220 Hafnarfirði



# Af Merði lögmanni

Það getur verið snúið að Gúggla! Mördur dæsti. Þessar horngrýtis tölvur eru svo sem ágætar til að sleppa við stensilinn og kalkipappírinn en þessar leitarmaskínur sem allt eiga að leysa, og spara það að fletta þurfi upp í doðröntum á rykföllnum bókasöfnum, þær eru ofmetnar svo um munar og hroðalegir tímaþjófar. Þarna hafði Mördur eldsnöggt ætlað að blína augum yfir fógetalögin hans Markúsar en fyrr en varði var hálfur dagurinn farinn í að skoða blogg mis-allsgáðra stjórnmálamanna, jafnuppbyggilegt eins og það nú er.

Lengsta stundin hvarf þó einhvern veginn inn í bókatíðindi jólavertíðarinnar. Hvað er þetta eiginlega með alla þessa bókarskrifara, af hverju eru allar þessar krimmasögur skrifaðar og hvorjum datt eiginlega í hug að drýgst væri að hafa aðalsögupersónuna lögfreyju? Það er augljóst að þessir höfundar kunna lítið fyrir sér í íslenskum raunveruleika lögmanna. Mördur glotti raunar í kampinn með hreggkamssvip á andliti yfir tilhugsuninni um hvernig ýmsir raunverulegir kvenlögmenn myndu líta út í latexgöllunum sem kollegi Stella Blómkvist sprangaði um í svo kynþokkafull! Það væri ugghlaust sjón að sjá. Nei, Mördur taldi harla litlar líkur á að íslenskir lögmenn, af hvoru kyninu sem væri, kæmst í sínum störfum í viðlíka lífsháska eins og þessar uppdiktuðu snótir.

Ætli hámark lífsháskans í lögmanna prófessjón sé ekki annað hvort að stikla um gáttir efst í Breiðholtinu í útífrárnámum, hjá góðkunningjum sýslumanns sem ekki nenna að ómaka sig í Skógarhlíðina enn einn ganginn, eins og Mördur þarf tíðast að fönðra við. Nú eða smella á sig harðneskjulega svipnum og segja nei á hluthafafundum og öðrum stjórnarfundum þegar meirihlutar og valdamenn þurfa að kveða eitthvert smælkið í kútinn sem vill upp á dekk með einhverjar málalengingar haldandi að hluthafafundir séu einhverjar málfundaæfingar sem betri borgarar með trilljón á mánuði megi vera að því að hlusta á. Merði er það enn minnsstætt hvað kolleginn af stóru dýru lögmannsstofunni var eldsnoggur að pakka saman ellilífeyrisbelgnum sem hélt að hann gæti haldið hluthafafundi í gamalgrónu hlutafélagi upp á snakki daglangt bara í krafti þess að hafa önglað saman fyrir einu hlutabréfi og rammað það inn fljótlega upp úr seinni heimstyrjöld. Slíkt var að sjálfsögðu núverandi óskabörnum þjóðarinnar ekki þóknanlegt og með því að draga annað augað í pung og hnykkja til höfðinu í áttina að gættinni var nægum fyrirmælum komið til kollegans í fundarstjórninni sem umsvifalaust úrskurðaði að allt málþóf væri bannað auk þess sem umræðuefni væri ekki tekið á dagskrá nema tilkynning hefði borist með þriggja vikna fyrirvara á lögheimili stjórnarformanns á Miðjarðarhafseyjunni Möltu. Þetta hafði ellibelgnum láðst að gera. Ekki lengi að því sem lítið er, kolleginn sá. Merði stóð öfund til þess hve lögfræðin er einföld stundum - bara finna út hvað raunverulegu eigendurnir vilja. Þá er sloppið við allt staut fyrir dómstólunum og digur reikningur greiddur fyrir.

Í raun er þarna kominn góður efniviður í næsta reifara. Eftir svona „afferur“ hafa menn fundist látnir baksviðs í breskum gæðakrimum. Ef ekki lögmaðurinn sjálfur þá ellibelgurinn þannig að lögmaðurinn ætti hendur að verja í 45 mínútna löngum þætti. Svona getur raunveruleiki raunverulegra lögmanna verið góður efniviður þegar að er gáð, þó þeir séu ekki barmfríðir í latexgalla!

# Árlegur fundur kvennafélaga

Konur í lögmennsku fjölmenntu á árlega samkomu félaga kvenna í lögmennsku, endurskoðun, læknisfræði og verkfræði sem var haldin í húsi Nýherja þann 29. nóvember. Stofnendur AUDA CAPITAL, sem er fjármálafyrirtæki sem setur konur í forgrunn, sögðu frá markmiðum og áformum fyrirtækisins. Þær Kristín Pétursdóttir forstjóri og Halla Tómasdóttir stjórnarformaður lýstu hugmyndafræði og framtíðarsýn AUDA CAPITAL. Kom fram hjá þeim að viðskiptatækifærið felist í vaxandi áhrifum kvenna í viðskiptalífinu og því að konur muni í auknum mæli fara fyrir eigin fé. Það sé tækifæri til að leysa úr læðingi þá auðlind sem í konum býr. Erindi Kristínar og Höllu var afar vel tekið en að því loknu skiptust konur á skoðunum og þáðu veitingar í boði Nýherja.



Halla Tómasdóttir á fundi félaga kvenna í lögmennsku, endurskoðun, læknisfræði og verkfræði.

## Jólaakveðjur

**Lögmenn Thorsplani sf.**  
Fjarðargötu 11  
220 Hafnarfirði

**Lögfræðimiðstöðin ehf.**  
Pórdís Bjarnadóttir hdl.  
Reykjavíkurvegi 62  
220 Hafnarfirði

**Lögfræðistofa Suðurnesja ehf.**  
Hafnargötu 51-55  
230 Keflavík  
www.lst.is

**Lögvirki ehf.**  
Kjarna, Pverholti 2  
270 Mosfellsbæ

**Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.**  
Borgarbraut 61  
310 Borgarnes

**Málflutningsstofa Snæfellsness ehf**  
Aðalgötu 2  
340 Stykkishólmi

**Jón Ísberg hrl.**  
Brekkubyggð 36  
540 Blönduósi  
**Lögsýn ehf.**  
Aðalstræti 24  
400 Ísafirði

**Lögmennsstofan Lögmennshlíð**  
Glerárgötu 36  
600 Akureyri

**Lögmennsstofan ehf.**  
Strandgötu 29  
600 Akureyri

**Lögfræðistofa Adolfs Guðmundsson hdl.**  
Langatanga 5  
710 Seyðisfirði

**Málflutningsskrifstofan ehf.**  
Austurvegi 38  
800 Selfossi

**Lögmenn Suðurlandi ehf.**  
Ólafur Björnsson hrl.  
Sigurður Sigurjónsson hrl.  
Austurvegi 3  
800 Selfossi  
www.log.is

**Hösmagi ehf.**  
Sigurður Sveinsson hdl.  
Ástjörn 7  
800 Selfossi

**Knútur Bruun hrl.**  
Hverhamri  
810 Hveragerði

**Regula Lögmennsstofa ehf.**  
Stórhöfða 15  
110 Reykjavík,  
Vallholtsvegi 3  
640 Húsavík,  
Lagarási  
700 Egilsstöðum,  
Hafnarbraut 15  
780 Höfn



Helgi Jóhannesson hrl.

# Lagadagurinn

Málþing Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands, sem oftast hefur verið haldið á Þingvöllum á vorin, er löngu orðið fastur liður í dagskrá beggja félaga. Það hefur alltaf verið ákveðin ögrun fyrir skipuleggjendur þess að finna efni sem hentar flestum þannig að mæting verði góð. En hugsanlega er þessi aðferðarfræði við skipulagningu endurmenntunarmálþinga tímaskekkja í breyttum heimi þar sem sérhæfingar gætir sífellt meira hjá lögmonnum sem og öðrum. Ef til vill er ekki jafn raunhæft nú og áður að halda daglangar ráðstefnur um lögfræðileg málefni sem höfða til allra.

Af þessum sökum hafa félögin tvö nú afráðið að breyta forminu á málþinginu næsta vor með þeim hætti að boðið verður upp á nokkra fyrirlestra eða málstofur um ólík efni fremur en að helga daginn einu málefni. Þá getur hver og einn valið það sem honum hugnast auk þess sem meiri líkur eru á að skoðanaskipti eigi sér stað um einstök efni í þessu formi heldur en ef um eina stóra ráðstefnu er að

ræða. Þá er ætlunin að hafa sameiginlega opnunardagskrá, matar- og kaffihlé og lokahóf. Stefnt er að því að fá einnig Lögfræðingafélag Íslands til samstarfs og vel mætti hugsa sér að lokahófið yrði veglegur dansleikur lögfræðinga úr hinum ýmsu áttum. Í framtíðinni sé ég fyrir mér að þetta gæti orðið „Lagadagurinn“ með þátttöku lögfræðinga úr öllum starfsstéttum.

Ég tel víst að þessi nýbreytni eigi eftir að leggjast vel í lögmenntun og aðra lögfræðinga. Þetta gæti verið vísir að því að sameina lögfræðinga enn meira í endurmenntunarmálum og efla tengsl milli lögfræðinga í ýmsum starfsstéttum sem vissulega er mikilvægt.

Gleðileg jól.  
Helgi Jóhannesson hrl.





Símon Sigvaldason héraðsdómari

# Sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum

Sáttamiðlun fyrir dómi verður vart talin fullkomlega nýtt fyrirbæri í tengslum við úrlausn ágreiningsmála fyrir dómstólum. Þannig hafa dómara frá fornu fari beitt mismunandi aðferðum við að leita sátta í málum eftir að þau eru komin til kasta dómstóla. Sumir dómara hafa tileinkað sér þau vinnubrögð að fá lögmenn til fundar við sig á skrifstofur sínar og reyna með því að skapa málum vinalegt umhverfi þar sem líklegt er að sættir takist. Í öðrum tilvikum hafa dómara haft sig talsvert í frammi í dómsölum og lagt fyrir aðila og lögmenn þeirra skýr sáttaboð. Þekkt er svokölluð „Hafnarfjarðarleið“, þar sem beitt var fyrirfram ákveðnum aðferðum við að leita sátta í deilumálum vegna forsjár. Þá er til sá flokkur dómara sem lítur einfaldlega svo á að úr því að mál séu komin til dómstóla séu næsta litlar líkur á því að sættir takist. Er þá þeirri spurningu varpað til lögmanna hvort einhverjar vonir séu um sættir og ef undirtektir eru dræmar er ekki hreyft við því frekar. Hvað svo sem þessu líður má eflaust með nokkurri sanngirni segja að dómara megi almennt vera virkari í því að leita sátta með aðilum. Sátt um niðurstöðu stuðlar fremur að því að aðilar málsins geti unað við lyktir eftir að horfið er úr dómhúsinu. Oftast er það þannig að a.m.k. annar aðili gengur þaðan út ósáttur og stundum báðir. Gjarnan er um að ræða aðila

sem tengjast og því líklegt að þeir muni eiga frekari samskipti eftir að ágreiningsmálinu lýkur. Sátt um niðurstöðu gerir aðilum frekar fært að starfa áfram að sameiginlegum hagsmunum að þrætuefninu gengnu. Ágreiningsmál um forsjá barna er eitt besta dæmið um þetta, þar sem foreldrar barns munu áfram vera foreldrar barnsins eftir að ágreiningur um forsjá er til lykta leiddur og munu þar af leiðandi þurfa að lifa við tilvist hins aðilans um nánustu framtíð.

## Tilraunaverkefni fyrir dómstólum

Flestir héraðsdómstólar landsins taka nú þátt í tilraunaverkefni um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum. Því fer fjarri að dómstólar hér á landi hafi fundið þetta úrræði upp en sáttamiðlun á rætur að rekja langt aftur í aldir í fjarlægum löndum. Próað sáttuferli finnst meira að segja í löndum sem við teljum vart búa við fullnægjandi réttarkerfi í dag. Öll norrænu löndin hafa nú tekið þetta úrræði upp og hafa sótt sér fyrirmyndir til landa eins og Englands og Bandaríkjanna. Hér á landi hefur formlegur félagsskapur verið stofnaður um þetta réttarúrræði, SÁTT, sem hefur haft að markmiði að festa í sessi sáttamiðlun sem valkost við úrlausnir deilumála. Bæði Norðmenn og Danir hafa tekið upp sáttamiðlun fyrir dómstólum.

Dómstólaráð og SÁTT hafa fylgst grannt með þróun þessara mála hjá frændum vorum en SÁTT stóð nýverið fyrir yfirgripsmiklu námsskeiði í sáttamiðlun þar sem danskir fræðimenn sáu um uppfræðsluna. Þá stóð Dómstólaráð einnig fyrir námskeiði fyrir dómara þar sem norskir dómara kenndu sín fræði.

## Helstu atriði sáttamiðlunar

Rétt er að gera hér stuttlega grein fyrir nokkrum meginatriðum í þeirri útfærslu á sáttamiðlun er nú er farin af stað fyrir héraðsdómstólum landsins.

- Sá dómari sem fær máli úthlutað annast sáttamiðlun og nefnist í þessu hlutverki sáttamiðlari. Takist ekki að ná sáttum í málinu eftir þessari aðferð mun hann ekki dæma í málinu. Er það til að tryggja að sáttamiðlari hafi þá stöðu að báðir málsaðilar geti treyst honum til fulls. Skal sáttamiðlari gæta trúnaðar um upplýsingar sem hann hefur komist að við sáttamiðlun í máli. Gildir það einnig um samskipti hans við þann dómara sem síðar kann að dæma málið.
- Boðið er upp á sáttamiðlun í máli þegar að greinargerð hefur verið skilað af hálfu stefnda. Það getur leitt til þess að máli verði fyrr lokið heldur en ef málið gengur til dóms, með hefðbundnum hætti.

- Sáttamiðlun fer fram utan dómsala og á lokuðum fundum. Með því móti er ætlunin að færa málin úr því opinbera umhverfi sem dómstólar og dómsalur er. Við það verður allt umhverfi „vinalagra“ og staða þeirra sem að málinu koma jafnast þannig að aðilar hafa síður á tilfinningunni að sátta- miðlarinn geti einfaldlega tekið sig til og ákveðið niðurstöðuna upp á sitt eindæmi.
- Sáttamiðlun er ætlað að stuðla að góðum tjáskiptum milli aðila sem ætti að leiða til aukins svigrúms við að finna lausnir í málum og leiða til betra samstarfs milli aðila til framtíðar.
- Sáttamiðlun miðar að því að finna niðurstöðu í máli sem betur hentar hinum raunverulegu hagsmunum og þörfum aðila. Veitir þetta svigrúm til þess að niðurstöður verði eftir atvikum klæðskerasniðnar.
- Þó að niðurstaðan verði að ekki finnist lausn á deilum milli aðila

kann sáttamiðlun engu að síður að stuðla að því að aðalmeðferð málsins gangi greiðar fyrir sig og leiða til að málið verði einfaldara og skýrara við meðferð þess fyrir dómi.

Það er mikilvægt að aðilar málsins þekki til þeirra tækifæra sem felast í sáttamiðlun. Aðkoma lögmannna að sáttamiðlun er mjög mikilvæg þar sem þeir ráða einna mestu um hvort aðilar máls séu viljugir að reyna þessa leið við úrlausnir deilumála. Lögmenn, sem fram að sáttamiðlun hafa verið málsvarar aðila, hafa í þessu sambandi það hlutverk að vera sérfræðilegir ráðgjafar aðilanna. Mikilvægt atriði varðandi sáttamiðlun er að það eru aðilar málsins sem eiga bein tjáskipti við sáttamiðlarann. Í þeirri stöðu þarf þeim að líða þannig að þeir viti að þeir hafi örugga bakhjarla sem geti leiðbeint þeim og veitt þeim ráð ef þurfa þykir.

Af hálfu Dómstólaráðs hafa verið settar reglur um sáttamiðlun fyrir dóm-



stólum sem birtar eru í tilkynningu ráðsins nr. 2/2007 og má nálgast á vef Dómstólaráðs: [www.domstolar.is](http://www.domstolar.is).

## Félag sáttalögmannna stofnað

Þann 17. október 2007 var stofnað félag sáttalögmannna. Félaginu er ætlað að vera hagsmunafélag lögmannna sem hafa sérhæft sig í sáttamiðlun (mediation, ADR – alternative dispute resolution, mækling) og lokið hafa námi í sáttmiðlun sem Sátt, félag um sáttamiðlun, hefur viðurkennt.

Tilgangur félagsins er fyrst og fremst að vera sameiginlegur vettvangur lögmannna sem vilja vinna að sáttamiðlun. Meðal annars með því að stuðla að því að sáttamiðlun verði viðurkenndur valkostur á við aðrar leiðir til að leysa ágreining í samfélaginu. Með því að vera vettvangur endurmenntunar, fræðslu og upplýsinga um sáttamiðlun fyrir félaga og aðra sem áhuga hafa á viðfangsefninu og með því að mynda tengsl við sambærileg félög í öðrum löndum.

Sáttamiðlun hefur átt miklu fylgi að fagna á undanförunum árum, m.a. á flestum norðurlöndum, í Englandi, Norður-Ameríku og Ástralíu sem valkostur við úrlausn ágreiningsmála. Sáttamiðlun er beitt í einkamálum, m.a. viðskipta-, fjölskyldu-, og nágrennandeilum og í opinberum málum m.a. vegna afbrota ungra afbrotamanna en jafnframt í deilum milli ríkja. Sáttamiðlun er beitt bæði í málum áður en þau verða að dómsmálum og fyrir dómi.



Stjórn Félags sáttalögmannna. F.v. Ásdís J. Rafnar, Sonja María Hreiðarsdóttir, Ingibjörg Bjarnardóttir.

Hugmyndafræði sáttamiðlunar er að deilumálið tilheyrir þeim sem stofna til deilunnar. Deiluaðilar þekkja málið best og eru sérfræðingar í sinni deilu. Þeir eru best til þess fallnir að finna hentuga úrlausn sem er viðunandi fyrir báða aðila og njóta þá til þess aðstoðar þjálfaðs sáttamanns.

Í fyrstu stjórn félagsins eru Ásdís J. Rafnar hrl., Ingibjörg Bjarnardóttir hdl. og Sonja María Hreiðarsdóttir hdl. sem jafnframt er formaður stjórnar. Nánari upplýsingar um félagið gefa stjórnarmenn.



**Eyrún Ingadóttir**

### Fótbolti

Ekkert varð af hefðbundnu fótboltamóti utanhúss þetta haustið. Ástæðan er sú að gerð var könnun meðal þeirra liða sem áður hafa tekið þátt í mótinu og reyndust aðeins þrjú þeirra vera tilbúin til leiks. Meðlimir hinna liðanna vildu fremur stunda innanhúsboltaleiki þar sem völlur er minni og lofthiti meiri.

Hinn knái Smári Hilmarsson hefur ákveðið að hætta formennsku í fótboltanefnd LMFÍ sökum aldurs og hefur eftirlátið sér yngri manni embættið. Eiríkur Gunnsteinsson er nýr formaður og eru miklar væntingar bundnar við hann. Víst er að það þarf bæði kjark og þor til að feta í fótspor Smára sem hefur verið vakinn og sofinn yfir boltamótum bæði vor og haust síðastliðin ellefu ár. Er honum þakkað afar óeigingjarnt starf í þágu fótboltans og félagsins.

### Námskeið

Námskeiðum haustannar er nýlokið en bryddað var upp á þeirri nýjung að fá erlenda fyrirlesara á tvö þeirra. Fjallað er um annað þeirra á bls. 12 en það var vel sótt. Að loknum námskeiðum er þátttakendum sent námskeiðsmat og þeir beðnir um endurgjöf á efni, kennara og kennslugögn. Flestir verða við þessari beiðni en mjög mikilvægt er fyrir félagið að fá slíkar upplýsingar. Þátttakendur eru einnig beðnir um að koma með tillögur að námskeiðum en námssjóður fer síðan yfir þær og velur úr. Öðru hvoru hafa félagsmenn líka samband við undirritaða með námskeiðshugmyndir og því er ætíð vel tekið.

### Félag kvenna í lögmennsku

Frá því FKL var stofnað 2004 hefur það staðið fyrir ýmsum viðburðum. Fastur liður er árlegur fundur með félögum kvenna í læknisfræði, endurskoðun og verkfræði sem getið er um á öðrum stað í blaðinu. Einnig stendur félagið fyrir gönguferðum frá Nauthólsvík eftir vinnu á hverjum fimmtudegi fram að jólum en göngustjóri er Bergþóra Ingólfssdóttir. Formaður FKL er Vala Valtýsdóttir en nánari upplýsingar um félagið fást á heimasíðu LMFÍ.

### Bókasafn – aðstaða

Verið er að leggja lokahönd á gagngerar endurbætur á bókasafni Lögmannafélagsins sem staðsett er í kjallara húsnæðis félagsins í Álftamýrinni. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki um miðjan desember en formleg opnun á hinn nýju og glæsilegu aðstöðu verður að öllum líkindum í byrjun janúar.



Boðið var upp á námskeið í indverskri matreiðslu þar sem Shabana Zaman leiddi þátttakendur í allan sannleika um krydd og kræsingar.

# Jólahádegisverður LMFÍ, DÍ og LÍ

Lögmannafélag Íslands, Dómarafélag Íslands og Lögfræðingafélag Íslands standa árlega fyrir jólahádegisverði á adventunni. Að þessu sinni var Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins og alþingismaður, heiðursgestur fundarins.



## BREYTING Á FÉLAGATALI

**Ný máflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.**

**Sveinn Guðmundsson hrl.**  
Juralis  
Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími: 533-5858

**Ný máflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.**

**Arnbjörg Sigurðardóttir hdl.**  
Lögmannsstofan ehf.  
Strandgötu 29  
600 Akureyri  
Sími: 464-9900

**Kristján Baldursson hdl.**  
Fasteignamarkaðurinn ehf.  
Óðinsgötu 4  
101 Reykjavík  
Sími: 570-4500

**Örn Egill Pálsson hdl.**  
Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 585-0700

**Gunnhildur Pétursdóttir hdl.**  
Lögfræðimiðstöðin ehf.  
Reykjavíkurvegi 62  
220 Hafnarfjörður  
Sími: 444-7720

**Haraldur Örn Ólafsson hdl.**  
Glitnir banki hf  
Kirkjusandi  
155 Reykjavík  
Sími: 440-4593

**Theodóra Emilsdóttir hdl.**  
Skattrannsóknarstjóri ríkisins  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík  
Sími: 550-8843

**Nýr vinnustaður:**

**Jóhanna Krístrún Birgisdóttir hdl.**  
Kaupþing banki hf.  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-6166

**Gunnar Gunnarsson hdl.**  
Milestone ehf.  
Suðurlandsbraut 12  
108 Reykjavík  
Sími: 414-1800

**Heiða Óskarsdóttir hdl.**  
Vörður –tryggingar hf.  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík  
Sími: 514-1036

**Nýtt aðsetur:**

**Lögmannsstofa Jóns Ingvars Pálssonar**  
Hlíðarási 9  
270 Mosfellsbær  
Sími: 552-8844

**Sveinn Jónatansson hdl.**  
Hlíðarsmára 2  
201 Kópavogur  
Sími: 414-5000

**Ármann Fr. Ármannsson hdl.**  
Borgartúni 25, 8.hæð  
Pósthólf 5049  
125 Reykjavík  
Sími: 562-9713



Margrét Gunnarsdóttir advokat

# Nýr dómur

## Evrópudómstólsins

### Um trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings

Á haustmánuðum gætti mikillar eftirvæntingar meðal evrópskra lögmannna sem sinna samkeppnisréttarmálum vegna dómsuppkvaðningar á fyrsta dómstigi Evrópudómstólsins í sameinuðum málum Akzo Nobel Chemicals Ltd. og Akcros Chemicals Ltd. gegn Framkvæmdastjórninni.<sup>1</sup>

Margir vonuðust eftir því að dómstóllinn myndi hverfa frá fyrri afstöðu sinni í máli AM & S gegn Framkvæmdastjórninni frá 1982<sup>2</sup> en með þeim dómi var því slegið föstu að það væru aðeins gögn milli sjálfstætt starfandi lögmannna og skjólstæðinga þeirra sem féllu undir trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings<sup>3</sup> og væru þar með undanþegin rannsókn Framkvæmdastjórnarinnar í samkeppnimálum. Gögn milli innanhússlögmannna<sup>4</sup> og fyrirtækja féllu hins vegar ekki undir slíkt trúnaðarsamband.

Í máli AM & S lagði dómstóllinn áherslu á að meginreglan um trúnaðarsambandið væri byggð á því að milli lögmanns og skjólstæðings ætti að ríkja trúnaður sem fæli í sér að skjólstæðingur ætti rétt á því að leita ráða hjá lögmanni. Þá ætti lögmaður rétt á því að veita þeim ráð er til hans leituðu. Trúnaðarsambandið væri nátengt grundvallarreglunni um réttindi allra til þess að geta haldið uppi vörnum í máli og tæki

því aðeins til gagna sem ættu rót sína að rekja til þeirra réttinda.<sup>5</sup>

#### Málavextir í hnotskurn

Málavextir eru þeir að í febrúar 2000 gerði Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins húsleit<sup>6</sup> hjá fyrirtækinu Akzo Nobel og dótturfyrirtæki þess Akcros vegna meints brots á samkeppnisreglum. Fulltrúar Framkvæmdastjórnarinnar og Akzo voru ekki sammála um hvort ákveðin gögn gætu fallið undir trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings. Til þess að meta skjölin ákvað stjórnandi húsleitarinnar að renna lauslega yfir þau. Niðurstaðan var að hluti skjalanna félli ekki undir trúnaðarsambandið og því var tekið ljósrit af þeim. Hinn hluti skjalanna var hins vegar settur í umslag sem síðan var innsiglað þar til dómstóll gæti metið stöðu þeirra.

Ákvörðun Framkvæmdastjórnarinnar um að skoða öll gögnin var áfrýjað til fyrsta dómstigs Evrópudómstólsins. Dómstóllinn hélt í niðurstöðu sinni fast við fordæmi sitt frá máli AM & S gegn Framkvæmdastjórninni um að gögn milli innanhússlögmannna og fyrirtækja falli ekki undir trúnaðarsamband lögmannna og skjólstæðinga. Þessi niðurstaða olli talsverðum vonbrigðum, t.d. meðal enskra samkeppnisréttarlögmannna þar sem reglan um trúnaðarsambandið er víðtæk í enskum rétti og

tekur yfir samskipti skjólstæðinga við bæði sjálfstætt starfandi lögmann og innanhússlögmann.

Þrátt fyrir þetta kemur ýmislegt athyglisvert fram í dómnum, m.a. um inntak trúnaðarsambandsins og hvaða verklag dómstóllinn kýs að Framkvæmdastjórnin beiti þegar vafi leikur á því hvort gögn falli undir trúnaðarsambandið eða ekki.

Í dómnum er lögð áhersla á að við húsleit geti fyrirtæki neitað Framkvæmdastjórninni um aðgang að þeim skjölum sem fyrirtækið telur falla undir trúnaðarsambandið. Framkvæmdastjórnin hefði því ekki átt að skoða öll skjölin og gagnrýndi dómstóllinn Framkvæmdastjórnina fyrir að hafa tekið ljósrit af hluta skjalanna þrátt fyrir kröfu Akzo um að þessi gögn ættu að vera undanþegin. Taldi dómurinn að Akzo hefði átt að eiga möguleika á því að fá fyrst skorið úr álitaefninu hjá Evrópudómstólnum áður en Framkvæmdastjórnin ákvæði að skoða skjölin. Það geti hins vegar verið nauðsynlegt að leyfa Framkvæmdastjórninni að sjá t.d. yfirskrift skjals og hver sé móttakandi eða sendandi en Framkvæmdastjórnin geti ekki krafist þess að fá að sjá hvað standi í skjalinu þar sem það geti grafið undan meginreglunni um trúnaðarsamband lögmannna og skjólstæðinga.



Þess má geta að samkvæmt dómnum tekur trúnaðarsambandið ekki aðeins yfir samskipti lögmanna og skjólstæðinga heldur einnig vinnuskjöl sem útbúin eru innanhúss með það fyrir augum að leita aðstoðar utanaðkomandi lögmans.

## Þýðing dómsins fyrir íslenska lögmenn

Lítið sem ekkert hefur reynt á meginregluna um trúnaðarsamband lögmanna og skjólstæðinga fyrir íslenskum dómstólum og hvaða gögn séu undanþegin skoðun við húsleit Samkeppnistofnunar. Reglan er hins vegar rótgróin í rétti flestra Evrópuríkja og hefur m.a. verið lögfest í Svíþjóð. Í Danmörku og í Noregi hefur inntak reglunnar verið mótað af dómaframkvæmd.

Íslensk samkeppnislög miða að því að koma á sama samkeppnisumhverfi á

Íslandi og er á öllu EES-svæðinu. Samkvæmt 22. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er ESA heimilt að framkvæma vettvangsskoðun hér á landi, enda sé fylgt þeim reglum sem settar eru í bókun 3 og 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstóla EFTA, um störf og valdsvið ESA á sviði ríkis- aðstoðar og samkeppni. Við vettvangsskoðun ESA á Íslandi gilda því málsmeðferðarreglur ESA. Þær reglur endurspeglar málsmeðferðarreglur Framkvæmdastjórnarinnar og mun ESA því að öllum líkindum hafa hliðsjón af leiðbeiningarreglum dómstólsins í Akzo málinu ef fyrirtæki ber fyrir sig að gögn séu undanþegin rannsókn vegna þess að þau fall undir trúnaðarsambandið.

Eins og nefnt er að framan er meginreglan um trúnaðarsamband lögmanna og skjólstæðinga og að ákveðin gögn séu undanþegin rannsókn máls ná-

tengdar grundvallarreglunni um réttindi allra til þess að geta haldið uppi vörnum í máli. Þess má vænta að íslensk fyrirtæki og lögmenn þeirra muni í auknum mæli neita Samkeppnis-yfirvöldum um aðgang að gögnum með vísan til þessa dóms Evrópu-dómstólsins. Það verður áhugavert að fylgjast með því þegar íslenskir dómstólar byrja að móta inntak reglunnar um trúnaðarsamband og með hvaða hætti það verður gert.

1 Sameinuð mál T-125/03 og T-253/03 frá 17. desember 2007, Hægt er að áfrýja málinu til annars dómstígs Evrópu-dómstólsins.

2 Mál 155/79 frá 18. maí 1982.

3 Enska: legal privilege.

4 Enska: in-house lawyers.

5 Akzo dómurinn, málsgrein 77, AM&S dómurinn, málsgrein 18 og 23.

6 Enska: dawn raid.

–Höfundur er lögmaður á sviði samkeppnis- og Evrópuréttar hjá norsku lögmansstofunni Thommessen.

## Rannsókn á bókhaldi og meintum viðskiptaglæpum



Við aðstoðum skiptastjóra og lögmenn við rannsókn á bókhaldi og meintum viðskiptaglæpum.

Fyrirtækjasvið KPMG  
Ágúst Þórhallsson  
sími 545 6027

[kpmg.is](http://kpmg.is)

AUDIT ■ TAX ■ ADVISORY



## Sérsniðin enskuþjálfun fyrir lögmenn og löglærða.

Sérhæfð námskeið fyrir þá sem hafa **góðan grunn í ensku**, en vilja bæta stöðu sína og ná betri tókum á faglegu tungutaki og orðnotkun t.d. í fundarstjórn eða samningagerð.

Hagnýt þjálfun og reyndir kennarar tryggja miklar framfarir á stuttum tíma. **Form námskeiða:** Einkabjálfun, samsett námskeið, eða smáhópur. Ein vika eða tvær - og í boði allt árið.

Executive  
& Professional  
Language Training  
**lingo**  
MÁLAMJÖLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • [WWW.LINGO.IS](http://WWW.LINGO.IS)



Ása Ólafsdóttir hrl.

# Hlutverk réttargæslumanna

Réttargæslumenn eru tilnefndir eða skipaðir talsmenn brotaþola og er hlutverk þeirra að gæta hagsmuna brotaþola við rannsókn lögreglu á opinberu máli og síðar við meðferð þess fyrir dómi. Í lögum um meðferð opinberra mála er mælt fyrir um hverjir eigi rétt á að þeim sé tilnefndur og síðar skipaður réttargæslumaður. Fyrst og fremst eru það börn og ungmenni undir átján ára aldri sem hafa orðið fyrir kynferðisbroti. Er lögreglu þá beinlínis skylt að tilnefna þeim réttargæslumann við rannsókn málsins eftir 1. mgr. 44. gr. b. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og hið sama gildir um þolanda kynferðisbrots, sem er eldri en 18 ára, ef hann óskar þess. Þá geymir 2. mgr. 44. gr. b. almenna heimild til þess að tilnefna réttargæslumann við rannsókn tiltekinna brota. Lögmönnum er skylt að taka við skipun eða tilnefningu til þess að starfa sem réttargæslumaður sbr. 20. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn.

## Eðlileg störf réttargæslumanna samkvæmt dómum Hæstaréttar

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 217/1999 var tekið til skoðunar hvað

mætti telja eðlileg störf réttargæslumanns í þágu brotaþola við framgang opinbers máls. Var þar tekið fram að störf réttargæslumanna lytu meðal annars að mótun og framsetningu kröfugerðar brotaþola um bætur.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 290/2000 var tekið fram um hlutverk réttargæslumanna að samkvæmt 1. mgr. 44. gr. f. laga nr. 19/1991 ættu þeir að gæta hagsmuna brotaþola og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal að setja fram einkaréttarkröfur eftir XX. kafla laga nr. 19/1991. Við ákvörðun þóknunar yrði litið til hlutverks réttargæslumanns brotaþola, til umfangs málsins og þess hvers vænta mætti af réttargæslumanni við framgang málsins í þágu hans, svo sem mótun og framsetningu kröfugerðar um bætur. Tekið var fram að þótt réttargæslumönnum væri ekki ætlað stórt hlutverk við meðferð opinbers máls, yrði að ætla að þeir væru viðstaddir skýrslutökur lögreglu af skjólstæðingum sínum og við aðalmeðferð málsins, að minnsta kosti meðan skýrsla væri tekin af ákærða og helstu vitnum. Þá ætti réttargæslumaður að tjá sig í stuttu máli um kröfu skjólstæðings síns auk þess sem nokkur tími hlyti að fara til

undirbúnings kröfugerðar.

## Ákvörðun þóknunar vegna réttargæslu

Hlutverk réttargæslumanna er eins og áður greinir ekki einungis að leggja fram bótakröfu og fylgja henni eftir fyrir dómi heldur, eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar í máli nr. 290/2000, verður að ætla að réttargæslumenn séu viðstaddir skýrslutökur lögreglu af skjólstæðingum sínum og aðalmeðferð málsins, að minnsta kosti meðan skýrsla er tekin af ákærða og helstu vitnum. Enda er vandséð hvernig réttargæslumenn geti uppfyllt þær skyldur sínar, að gæta hagsmuna brotaþola við rannsókn og meðferð opinbers máls, með öðrum hætti. Ekki getur brotaþoli gert það sjálfur þar sem honum er meinað að vera viðstaddur öll lokuð þinghöld í málinu, sbr. 2. mgr. 44. gr. g laga nr. 19/1991.

Í ljósi framangreinds hlýtur niðurstaða dóms Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S 375/2007 um frávísun réttargæsluþóknunar að vera röng sem og sú seinni ákvörðun dómsins að greiða réttargæslumanni einungis þóknun vegna hluta starfa hans á rannsóknarstigi. Vísast hér til dóms Hæstaréttar frá 4. mars 2004 í máli

nr. 423/2003 þar sem ákvörðuð var þóknun til réttargæslumanns brotaþola vegna starfa hans fyrir Hæstarétti þótt bótakröfu brotaþola hefði verið vísað frá dómi.

Ákvörðun réttargæsluþóknunar á ekki að vera hagsmunatengd einkaréttarkröfu brotaþola heldur á að grundvalla hana á réttmætri, sundurliðaðri og tímasettri tímaskýrslu og miða við þau störf sem réttargæslumaður hefur þurft að sinna við hagsmunagæslu fyrir skjólstæðing sinn. Réttargæsluþóknun telst til sakarkostnaðar og á að greiðast úr ríkissjóði, sbr. 3. mgr. 44. gr. i laga nr. 19/1999 og viðmiðunarreglur dómstólaráðs frá 14. desember 2006.

## Dómur Héraðsdóms Reykjaness um þóknun réttargæslumanns

Í framangreindum dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S 375/2007 reyndi eins og áður sagði á ákvörðun þóknunar til réttargæslumanns. Málavextir voru þeir að kærð voru til lögreglu meint kynferðisbrot gegn tveimur börnum. Við rannsókn lögreglu var þeim tilnefndur réttargæslumaður og við meðferð málsins fyrir dómi var þeim síðar skipaður réttargæslumaður.

Réttargæslumaður var viðstaddur skýrslutöku barnanna fyrir dómi og síðar var hann viðstaddur aðalmeð-

ferð og gerði stuttlega grein fyrir bótakröfu barnanna. Eftir aðalmeðferð kom hins vegar í ljós að bótakröfunum hafði verið beint að sakborningi sem var ólögráða fyrir æsku sakir og var bótakröfunum því vísað frá dómi. Börnin fengu eftir sem áður greiddar bætur með sérstakri ákvörðun bótasjóðs sem starfar eftir lögum nr. 69/1995, eftir að réttargæslumaðurinn hafði beint kröfu að sjóðnum fyrir hönd skjólstæðinga sinna.

Þóknun réttargæslumannsins, bæði fyrir héraðsdómi og á rannsóknarstigi, var hins vegar vísað frá dómi. Því undi réttargæslumaðurinn ekki og krafðist þess, með bréfi til dómsins dags. 3. júlí 2007, að honum yrði ákvörðuð þóknun vegna starfa sinna og lauk því með ákvörðun dómsins þann 14. nóvember 2007 um þóknun sem var eingöngu vegna hluta starfa réttargæslumanns á rannsóknarstigi en ekki fyrir dómi.

## Krafa lögmanna um úrbætur

Reynsla þeirra lögmanna sem sinna réttargæslu er sú að hjá lögreglu og fyrir dómi eru réttmætar og sundurliðaðar tímaskýrslur þeirra oft endur-

skaðaðar til lækkunar án nokkurs rökstuðnings. Það er því löngu tímabært að löggjafinn ákvarði nánar og með skýrari hætti hvert hlutverk réttargæslumanna á að vera við meðferð opinbers máls. Þá hefur það verið skýr krafa þeirra lögmanna sem sinna réttargæslu og verjendastörfum að dómurum verði gert skylt að rökstyðja það sérstaklega ákveði þeir að víkja frá réttmætum og sundurliðuðum tímaskýrslum við ákvörðun þóknunar.

Í nýju frumvarpi til laga um meðferð sakamála sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi löggjafarþingi (233. mál, þingskjal nr. 252) er það ekki gert og er það miður. Áfram þurfa því lögmenn að sinna erfiðum og krefjandi réttargæslustörfum án nokkurrar vissu fyrir því að þeim verði ákvörðuð þóknun til samræmis við umfang starfsins sem þeim er þó skylt að sinna.

**RENATA ERLENDSSON**  
lögglitur dómtúlkur og skjalaþýðandi  
certified translator & court interpreter

**ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA**  
**GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN**



**Renata ehf, þýðingar og túlkun**  
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík  
E-mail: [renata@tv.is](mailto:renata@tv.is)

Símar: 557 2830 h • 562 2562 v  
GSM: 898 0904 • Fax: 562 2517

**Litlaprent**  
Stórt verk lítið mál

Litlaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi  
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | [litla@prent.is](mailto:litla@prent.is)

**prent.is**



Sigurður R. Arnalds hrl.

# Dómur Hæstaréttar um vernd gagnagrunna

Þann 18. október sl. kvað Hæstiréttur upp athyglisverðan dóm í máli um vernd gagnagrunna skv. 50. gr. höfundalaga nr. 73/1972 (höfl.). Í málinu var fyrrverandi starfsmaður Íslenskrar erfðagreiningar, Jesus Vicente Sainz Maza, ákærður fyrir brot á höfundalögum þar sem hann hefði afritað 29 skrár sem höfðu að geyma safn upplýsinga og rannsóknna fyrirtækisins og haft á brott með sér á svokölluðum „flakkara“. Af fréttum af málinu mátti helst ráða að um stórfelldar iðnaðarnjósir hefði verið að ræða en málið tengdist deilu sem Íslensk erfðagreining hafði átt í við Children's Hospital of Philadelphia um stuld upplýsinga. Málið laut engu að síður einvörðungu að því hvort um refsivert brot á höfundalögum hefði verið að ræða.

## Málavextir

Forsaga málsins er sú að Jesus var ráðinn til Íslenskrar erfðagreiningar árið 1998 sem yfirmaður lífupplýsingadeildar. Í maí 2006 hætti einn framkvæmdastjóra fyrirtækisins með látum og réð sig til nýstofnaðar genarannsóknardeildar hjá Children's Hospital of Philadelphia. Réði hann jafnframt þrjá starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar til starfa

þar og upphófust deilur milli fyrirtækjanna um stuld og misnotkun upplýsinga og viðskiptasambanda Íslenskrar erfðagreiningar. Ákærði fór þó aldrei til starfa hjá barnaspítalanum í Philadelphia en upplýst var að honum hefði verið boðið starf þar og að hann hefði farið til Bandaríkjanna til að kanna aðstæður. Um svipað leyti afritaði Jesus þau gögn sem ákæran laut að.

Vegna deilu sinnar við fyrrum starfsmenn réði Íslensk erfðagreining bandaríska sérfræðinga í tölvuafbrotum til að rannsaka tölvur og gagnasvæði hjá fyrirtækinu. Kom þá afritun Jesus í ljós og var hann kallaður á fund forstjóra í byrjun ágúst 2006. Í kjölfarið sagði hann upp störfum hjá fyrirtækinu en Íslensk erfðagreining kærði hann í framhaldinu fyrir iðnaðarnjósir skv. 13. gr. l. 57/2005 um óréttmæta viðskiptahætti, brot gegn auðgunarbrotakafla alm. hgl. og brot á 50. gr. höfl. um lögvernd gagnagrunna. Einungis var ákært fyrir brot á 50. gr. höfl.

## Hvað eru gagnagrunnar?

Gagnagrunnar hafa fylgt mannum lengi og er nærtækt að nefna gömlu, góðu símaskrána sem einu sinni

var mikilvægasta bók hvers heimilis. Með tilkomu netsins og rafrænnar tækni hefur hins vegar fjárhagslegt mikilvægi gagnagrunna aukist mikið. Lögmenn þekkja þetta vel en stór hluti starfa þeirra er nú unnin með aðstoð gagnagrunna, s.s. laga-safna, dómasafna og stórskemmtilegra safna Evrópureglugerða.

Skv. höfl. geta gagnagrunnar notið verndar með tvennum hætti. Annars vegar geta gagnagrunnar notið hefðbundinnar höfundaréttarverndar ef þeir uppfylla kröfur höfundaréttar um frumleika. Gagnagrunnar sem ekki uppfylla þau skilyrði geta hins vegar notið verndar skv. 50. gr. höfl. Njóta framleiðendur slíkra gagnagrunna svokallaðrar „sui generis“ verndar, sem merkir að verndin er óháð höfundarétti. Ákvæðið var sett árið 2000 og byggir á tilskipun ESB 96/9 um lögverndun gagnagrunna. Rökin fyrir setningu tilskipunarinnar voru einmitt þau að veita þyrfti gagnagrunnum sérstaka vernd vegna þeirrar miklu fjárfestingar og vinnu er legið gæti að baki þeim. Ákvæði 50. gr. höfl. er svohljóðandi:

*„Sá sem framleiðir skrár, töflur, eyðublöð, gagnagrunn eða svipuð verk sem hafa að geyma umtalsvert*

*safn upplýsinga eða eru árangur verulegrar fjárfestingar hefur einkarétt til eintakagerðar eða birtingar verks í heild eða að verulegum hluta. Endurtekinn og kerfisbundinn útdráttur og/eða endurnýting óverulegs hluta af gagnagrunni er óheimil ef þær aðgerðir stríða gegn venjulegri nýtingu hans eða ganga með óeðlilegum hætti gegn réttmætum hagsmunum framleiðenda gagnagrunnsins.”*

Til þess að njóta verndar höfundalaga þarf því gagnagrunnur að hafa að geyma umtalsvert safn upplýsinga eða vera árangur verulegra fjárfestinga. Hefur hið síðarnefnda einkum orðið uppspretta álitafna, þ.e. hvenær liggur fyrir veruleg fjárfesting í gagnagrunni. Evrópudómstóllinn kvað upp fjóra dóma árið 2004 sem marka þar stefnuna en málin vörðuðu öll gagnagrunna tengda íþróttaviðburðum. Má þar nefna mál C-203/02, British Horse-racing Board vs. William Hill, en BHB annaðist skipulagningu veðreiða í Bretlandi, sem haldið var utan um í rafrænum gagnagrunni. Taldi BHB að WH hefði brotið gegn vernd gagnagrunnsins með því að nýta sér upplýsingar úr honum. Niðurstaða Evrópudómstólsins var aftur á móti sú að þó um gagnagrunn væri að ræða þá nyti hann ekki verndar skv. ákvæðinu þar sem skilyrðið um verulega fjárfestingu lyti að gagnagrunninum sjálfum. Fjárfesting í gerð gagnanna félli ekki þarna undir og þannig félli t.d. fjárfesting sem fælist í því að skipuleggja veðreiðar ekki þar undir. Vinnan við að setja þær upplýsingar í gagnagrunninn væri hins vegar aðeins lítill þáttur og fæli ekki í sér verulega fjárfestingu.

## Niðurstaða málsins

Meginálitaefnið í máli því sem hér er til umfjöllunar laut að því hvort þau gögn er ákærði afritaði nytu

verndar sem gagnagrunnur. Byggði ákærði málsvörn sína m.a. á því að ekki væri um að ræða verulega fjárfestingu í gagnagrunninum sjálfum heldur væri meginfjárfestingin í þeim rannsóknnum sem að baki lægi. Með vísan til dóma Evrópudómstólsins væri ákvæði 50. gr. höfl. ekki ætlað að vernda fjárfestingar í rannsóknnum heldur fjárfestingar í gagnagrunnum. Fyrir héraðsdóm kom fjöldi starfsmanna Íslenskrar erfðagreiningar sem bar um þá miklu vinnu og kostnað við gerð þeirra skráa er ákærði afritaði. Héraðsdómur taldi ljóst að gögn þau er ákærði afritaði hefðu falið í sér upplýsingar sem urðu til við rannsóknir hjá Íslenskri erfðagreiningu og niðurstöðum þeirra síðan safnað saman, flokkaðar og raðað niður í gagnagrunn. Samkvæmt vætti vitna hefði gríðarmikill tími og kostnaður falist í gerð gagnanna og úrvinnslu þeirra. Taldi héraðsdómur því sannað að umræddir gagnagrunnar nytu verndar skv. 50. gr. höfl. og ákærði hefði með afritun þeirra brotið gegn ákvæðinu.

Af dómi Hæstaréttar má ráða að rétturinn var einnig vel meðvitaður um þau skilyrði sem áður nefndir dómar Evrópudómstólsins setja vernd gagnagrunna. Er tiltekið sérstaklega í dóminum að ekki sé nægjanlegt að vinnsla eða tilbúningur þeirra gagna sem síðar eru settar í gagnagrunn hafi krafist verulegra fjárfestinga ef óverulegar fjárfestingar hafi farið í að búa til sjálfan gagnagrunninn. Þegar litíð væri til þeirra gagna sem lögð hefðu verið fram og framburðar vitna teldist nægilega sannað að gerð þeirra gagnagrunna sem ákærði afritaði í heimildarleysi hefðu falið í sér verulegar fjárfestingar í skilningi 1. mgr. 50. gr. höfl. Var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða því staðfest, en refsing hækkuð úr tveggja mánaða skilorðsbundnu

fangelsi í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi, enda teldist brotavilji einbeittur og hefði beinst gegn mikilsverðum hagsmunum.

## Lokaorð

Í upphafi þessa máls voru uppi stór orð um iðnaðarnjósir og hegningarlagabrot. Er til kom taldi ákærvaldið sig þó augljóslega ekki geta fært fram sönnur fyrir öðru en broti gegn títtnefndri 50. gr. höfl. Sex mánaða fangelsisvist, þó skilorðsbundin sé, verður að telja býsna harða refsingu vegna brota á höfundalögum. Hefur þar örugglega átt sinn þátt að ákærði hefði getað fénytt sér þær upplýsingar er hann afritaði.

Til að gagnagrunnur njóti lögverndar þarf að vera veruleg fjárfesting í honum en ekki einvörðungu í gerð þeirra gagna sem í hann eru settar. Í ljósi þess verður að telja undarlegt að ekki skyldi fara fram sjálfstætt mat á fjárfestingunni, heldur einvörðungu látinn nægja framburður starfsmanna og það sem ráða mætti af framlögðum gögnum. Aðalstarfsemi Íslenskrar erfðagreiningar felst í erfða- og öðrum vísindarannsóknnum og er um verulegar fjárfestingar að ræða. Hversu mikil viðbótarvinna það er að koma þeim upplýsingum og niðurstöðum í gagnagrunn er hins vegar a.m.k. fávísu lögfræðingi eins og mér hulin ráðgáta. Saknaði ég því ítarlegri rannsóknar og rökstuðnings um þetta mikilvæga atriði á báðum dómstigum.

Eftir lestur dómsins er það þó einkum ein óþægileg spurning sem á mig hefur leitað. Í ljósi allrar þeirrar umræðu sem verið hefur um persónuvernd og öryggi gagnagrunns Íslenskrar erfðagreiningar, hvernig í ósköpunum getur þá staðið á því að starfsmaður geti óáreittur afritað svo mikið magn upplýsinga og haft með sér á brott?

# Í anda ársins 1907



Lögmansstofan LOGOS hélt upp á 100 ára afmæli stofunnar í október og sveif andi konungskomunnar 1907 yfir vötnum. Þegar gestir komu í Efstaleitið voru dyrnar í sama búningi og hliðið sem beið konungs á hafnarbakka Reykjavíkur og inni var sjálfur Friðrik áttundi mættur ásamt fríðu föruneysi.



Þrátt fyrir að vera „uppvakningur“ lék Friðrik áttundi á alls oddi en lesendum til fróðleiks skal það rifjað upp að hann var konungur Íslands frá 1906 til 1912 er hann lést í vafasömu hverfi í Hamborg.

Skemmtilegur andi ríkti í afmælinu. Þjónar voru klæddir upp að hætti ársins 1907, gestir rituðu nafn sitt í gestabók með fjaðurpenna og gátu látið taka af sér myndir í gömlum stíl. Myndum frá konungskomunni var varpað á vegg og tónlist spiluð í sama anda.

LOGOS rekur sögu sína allt til ársins 1907 þegar Sveinn Björnsson, sem síðar varð fyrsti forseti Íslands, opnaði málflutningsskrifstofu í Kirkjustræti 10 í Reykjavík. Þetta var fyrsta lögmansstofa landsins ef frá eru talin lögmansstörf Einars

Benediktssonar skálds sem hann sinnti í nokkur ár. Eftir að Sveinn var skipaður sendiherra árið 1920 tóku Guðmundur Ólafsson og Pétur Magnússon við skrifstofunni og ráku hana saman í Austurstræti 7.

Rekstur stofunnar hefur verið óslitinn síðan 1907 þótt nýir eigendur hafi tekið við og nafn stofunnar breyst eftir tíðarandanum. Í dag eru eigendur LOGOS þrettán talsins en 66 manns starfa hjá stofunni, bæði í Reykjavík og London, þar af eru 44 lögfræðingar.



Hinn 17. ágúst 1907 birtist auglýsing frá Sveini í vikublaðinu Ísafold sem Björn Jónsson ritstjóri, faðir Sveins, gaf út. Þá voru einnig auglýstir stálpaðir grísir og vagnarnir 18 sem keyptir höfðu verið til að ferja Friðrik áttunda konung og fylgdarlið voru til sölu á uppboði. Þess má geta að Reykjavík var þá 10.000 manna bær.



Fjöldi gesta var í afmælisboði LOGOS sem var hið glæsilegasta.

Viðskiptalífið þarfnast öflugra lögfræðinga. Sérhæft laganám skapar forskot.

 Bryndís Hlöðversdóttir  
forseti lagadeildar



WWW.BIFRÖST.IS

## Meistaránám í lagadeild

ML Í LÖGFRÆÐI  
MA Í SKATTARÉTTI

Meistarapróf í lögum frá Háskólanum á Bifröst opnar leiðir á öllum sviðum hefðbundinnar lögfræði, sérstaklega þó á fyrirtækja- og fjármálamarkaði. Í lagadeild Háskólans á Bifröst er boðið upp á tvenns konar meistaránám. Annars vegar 60 eininga nám til ML gráðu sem veitir aukna fræðilega þekkingu á lögfræði, auk þjálfunar í lögmannsstörfum og ráðgjöf. Að náminu

loknu öðlast nemendur rétt til að þreyta próf til málflytninguréttinda. Hins vegar er boðið upp á 45 eininga MA nám í skattarétti. Námið er undirbúningur fyrir vinnu við skattamál hjá hinu opinbera, í bönkum, hjá ráðgjafarfyrirtækjum og víðar.

Meistaránám í lagadeild er eftirsóknarvert framhaldsnám sem veitir fjölbreytta starfsmöguleika.

### VIÐSKIPTAEILD

- BS í viðskiptafræði
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

### FÉLAGSVÍSINDAEILD

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

### LAGAEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



# VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA  
SUDURLANDSBRAUT 4A  
108 REYKJAVÍK  
[www.tcm.is](http://www.tcm.is)